

249. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar		
Fundardagur:	03.11.2016	Fundartími:	12.00 – 13.00
Fundarstaður:	Mannvirkjastofnun	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Kristján Ottósson (KO), Jón Sigurjónsson (JS), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Jón Guðmundsson (JG), Svavar T. Óskarsson (STÓ) og Gunnlaugur Jóhannesson (GJ).		
Forföll:	Birgir Hólm (BH) og Gunnar Sigurðsson (GS)		

1. Fundur settur.
2. Fundargerð stjórnar nr. 248. Engin athugasemd við síðustu fundargerð.
3. Dagskrá fyrirhugaðrar ráðstefnu. Fjallað var um dagskrá en búið er að stilla upp erindum fyrir ráðstefnu í tilefni 30 ára afmælis Lagnafélags Íslands. Undirbúningsnefnd hafa skipað Jón Sigurjónsson, Svavar T. Óskarsson og Birgir Hólm Ólafsson. Ráðstefnan mun fjalla um gæði innilofts og neysluvatns. Þá er fjallað innleiðingar á gæðakerfi og áhrif þess á lokafrágang og virkniprófanir lagnakerfa. Þá er fenginn gestur frá Danmörku sem fjalla um virkniprófanir og reynslu hans á því sviði.
4. Minning um fallna félaga. Guðmundur Halldórsson og Rafn Jensson féllu báðir nýverið frá. Blessuð sé minning þeirra.
5. Almennar umræður. Rætt var um mikilvægi þeirra málefna sem brunnið hafa á Lagnafélaginu alla tíð, er snertir lokafrágang lagnakerfa. Rætt var um hvað hefði áunnist, en jafnframt það skilningsleysi sem enn virðist ríkja meðal aðila er koma að byggingariðnaðinum. Það er því nú sem aldrei fyrr mikilvægt að við lagnamenn leggjum þunga áherslu á mikilvægi á frágangi og virkniprófunum kerfanna.